

EFTIRLITSSKÝRSLA

N-lax ehf. Laxamýri 641 Húsavík



Dags eftirlits	8.10.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	N-lax ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Laxamýri, Húsavík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	551009-1220	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jón H. Björnsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirlitinu er varða að umhverfismarkmið og áætlun um meðhöndlun úrgangs vantar. Fjórar ábendingar voru settar fram er varða að uppfæra þarf neyðaráætlun og vöktunaráætlun, að útreikningum efnamælinga þurfi að skila með niðurstöðum mælinganna og að huga þurfi betur að lekavörnum í efnageymslu og við olugeymi vararafstöðvar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um landeldisstöð er að ræða, þar sem heimild er fyrir eldi á laxfiskum, með allt að 50 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Eru ker staðsett bæði innan- og utandyra. Stöðin stendur í landi Laxamýri við bakka Laxár í Aðaldal. Frárennslið liggur yfir í settjörn og þaðan út í læk sem rennur um 1,7 km leið niður í Laxá. Allt innrennsli í stöðina er sjálfrennandi. Starfsleyfið gildir til 21. maí 2040.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir nýtt starfsleyfi og stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Eftirlitsmælingar, skráningar og gagnaskil
- Áætlanir og viðbrögð – uppfærslur áætlana, trygginga o.fl.
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla, förgun og meðhöndlun hættulegra efna
- Skoðunarferð
- Önnur mál

Nýtt starfsleyfi var gefið út þann 21. maí sl. og er þetta fyrsta eftirlit Umhverfisstofnunar með nýju leyfi.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því og þá sérstaklega ný gagnaskil sem koma inn með kröfum nýs leyfis s.s. grænt bókhald og ársyfirlit, en einnig auknar kröfur um vöktunarmælingar og myndatöku við frárennsli á 6 mánaða fresti. Eitt frávik kom fram við síðasta eftirlit, árið 2023, er varðar framleiðslumagn. Nýtt leyfi með aukinni heimild á lífmassa hefur verið gefið út og er frávikinu því lokað. Þrjár ábendingar voru settar fram í síðasta eftirliti er varða aðgreiningu starfsleyfa á tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda, merkingar á niðurstöðum mælinga í frárennsli og að óska hafi þurft ítrekað eftir nauðsynlegum gögnum vegna eftirlitsins. Í nýju leyfi er ekki ákvæði um tryggingu skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, vegna fjarlægðar stöðvarinnar frá sjávarströnd. Rekstraraðila hafa verið sendar leiðbeiningar um að uppfæra vöktunaráætlun og tilgreina þar betur staðsetningar mælinga og merkingar þeirra.

Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Öllum regnbogasilungi hefur verið slátrað úr stöðinni og eru nú einungis villt laxaseiði alin til sleppinga ásamt klakfiski til hrognaframleiðslu. Um 250 þúsund fiskar voru í stöðinni þegar eftirlitið fór fram en lífmassatölur voru ekki aðgengilegar. Rekstraraðili var beðinn um að taka saman þau gögn sem óskað var eftir í eftirlitinu og senda á eftirlitsaðila. Tölvupóstur, því til ítrekunar var sendur þann 22. október sl. Engar aðrar breytingar hafa verið gerðar á starfsemi, húsakosti eða fódurgjöf frá síðasta eftirliti.

Sýnataka í frárennsli var síðast gerð þann 22. desember 2023 og niðurstöðurnar sendar til eftirlitsaðila. Rekstraraðila er bent á að niðurstöður efnamælinga þurfa einnig að koma fram í ársyfirliti og settar fram með útreikningum skv. gr. 3.4 (N og P sem kg/tonn af lífmassaaukningu).

Rekstraraðila er bent á að uppfæra þurfi neyðaráætlun skv. gr. 1.5 og vöktunaráætlun skv. gr. 5.1. en öll vöktun skal vera tilgreind í áætlun þ.m.t. ákvæði í gr. 4.3. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið skv. gr. 2.1. Rekstraraðili hefur ekki sett sér umhverfismarkmið og er því sett frávik þar um. Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun

úrgangs skv. gr. 3.10. Áætlunin er ekki til staðar og því er sett frávík þar um.

Engin spilliefni eru í stöðinni annað en óverulegt magn af sápu og formalíni. Bent er á að öll spilliefni þarf að geyma í lekabyttum eða við aðstæður þar sem tryggt er að efnin geti ekki lekið út í umhverfið. Olía er í vararafstöð sem geymd er innandyra á steypu gólfi. Var rekstraraðila bent á að huga að lekavörn við geymi rafstöðvarinnar sé hann ekki útbúinn tvöföldu byrði. Engin niðurföll eru í rýminu. Rekstraraðili nýtir seyru frá settjörn til uppgræðslu á eigin landi og allur úrgangur frá stöðinni fer í sorpmóttöku sveitarfélagsins við Víðimóa.

Gengið var niður að settjörnunum tveimur og frárennslið frá þeim skoðað, sem og rist úr settjörn og yfir í viðtaka. Ekki var að sjá neina óeðlilega uppsöfnun við útrásina, engar fódurleifar að sjá né óvenjulegan lit eða slý. Stöðin er snyrtileg á að líta og umgengni almennt góð. Engar ábendingar eru gerðar þar um.

Frávík frá	Lýsing á frávíki
Gr. 2.1 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa skv. þeim. Rekstraraðili hefur ekki sett sér umhverfismarkmið.
Gr. 3.10 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna skv. henni. Áætlunin er ekki til staðar.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að uppfæra þurfi neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar skv. gr. 1.5 í starfsleyfi.

Ábending er sett fram um að niðurstöðum efnamælinga skal skilað með útreikningum skv. gr. 3.4 í starfsleyfi. Gildi köfnunarefnis og fosfórs þarf að koma fram sem kg/tonn af lífmassaaukningu.

Ábending er sett fram um að uppfæra þurfi vöktunaráætlun skv. gr. 5.1 í starfsleyfi. Skal öll vöktun, sem rekstraraðili á að framkvæma, vera tilgreind í áætluninni og skal hún vera nákvæmari en lýsingin í starfsleyfi.

Ábending er sett fram um að huga þurfi betur að lekavörnum í efnageymslu og við olúgeymi vararafstöðvar.

ANNAÐ

Engin mengunaráhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 06.11.2024

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.


Guðbjörg Stella Árnadóttir